um.
Á síðari hluta 15 aldar og
á 16 öldinni, versludu hér
bæði Englendingar og Hamborg-
armenn, og var verslunar-
keppni með þeim, og þótti
~~góð~~ þá góð verslun.
Afskifti danakonungs af
verslun hér, byrjuðu með
því, að Friðrik II leigði dönsk-
um kaupmönnum þrjár
hafnir, á norðurlandi til versl-
unar Húsavík, Gáseyri og
Hofsós, nálægt 1571. Þótti
sú verslun ill og lítil, og
brá nordlendingum við, þang-
að til hafði verslun, að miklu
leyti verið frjáls.
Guðbrandur Þorláksson, sem
þá um það leyti varð biskup
á Hólum, bað konung þess
að hann mætti í félagi

með Skagfirðingum, gjöra út
eitt skip til verslunar.
Móti þessu störfuðu ýmsir
höfðingar, sem öfunduðu
biskup af hans framtaks-
semi, þeir spiltu á allan
hátt fyrir þessu fyrirtæki
og kváðu það gagnstætt
lögum og venju, að Íslend-
ingar ættu sjálfir skip í
förum.
Konungur veitti biskupi, samt
verslunarleyfið 1579.
Biskup fékk nú helstu menn
í Skagafirði í félag með sér
og keyptu þeir skipið frá
Hamborg hlaðið vörum, og átti
það svo að fara aftur til
Hamborgar. Skipið fórst
á leiðinni hingað upp, og
varð svo ekki meir úr versl-

un Skagfirdinga.

Árin 1602–1786 eda í 184 ár stód danska einakrunarverslunin, sem gjördi landinu óútreiknanlegt tjón, ekki einungis fjárlega, heldur líka drap nidur hug og þrek landsmanna.

Kristján IV leigdi alla verslun landsins, íbúum Kaupmannahafnar, Málmeyjar og Helsingaeyrar 1602, en þjódverjum var bönnud öll verslun vid landsmenn.

þessir leigumautar áttu ad sigla á 20 hafnir á landinu og flytja næga, góda og ósvikna vöru, og selja med sama verdlagi og ádur hafdi verid og hafa sömu alin og vog, sem ádur hafdi verid. Komi ágreiningur milli kaupmanna og Íslendinga, skyldu lögmenn og lögréttumenn eiga dóm á því.

Kaupmenn breyttu ekki eftir þeim ákvædum, sem sett voru og tóku ekki tillit til umkvörtunar landsmanna, en fengu konung til ad setja taxta, það var kauplag á innlendri og útlendri vöru, sem kaupmenn, og Íslendingar, skyldu fylgja í vidskiftunum, var það í fyrsta skipti, sem konungur gerdi þetta. Útlenda varan var nú mjög dýr, en þá þótti kaupmönnum taxtinn ekki nógu hár, og fengu konung til ad setja annan hærri 1631. þegar þessi taxti var birtur á Alþingi, komu fram frá landsmönnum ýmsar

kærur yfir kaupmönnum
og báðu þeir vægðar á hinum
nýja taxta. Þá var höfuðsmað-
ur hér Holgeir Rósinkrans, en
hann vildi ekki flytja mál
landsmanna fyrir konung.
Þetta sama sumar var
Gísli sonur Odds biskups
Einarssonar kosinn til
biskups í Skálholti, og fór
hann utan til vígslu.
Hann fór með bænarskrá
Íslendinga móti þess-
um nýja taxta, og bar
hana sjálfur fram fyrir
konung, og fékk því fram-
gengt með ræðum sínum
að konungur bauð, að hinn
fyrri taxti skyldi gilda.
Fékk Gísli af þessu mestu
vinsæld og virðing.

það var gengið fast eftir því
að engir útanríkismenn
kæmu hingað til verslunar.
Slíkir menn voru hér ófrið-
helgir, en skip og fjármuni
upptækt.
Árið 1670 kom hingað Jens
Rodsteen aðmíráll, var hann
sendur af Kristjáni konungi V
Aðmírallinn birti Brynjólfi bisk.
Sveinssyni, að konungur vildi
að Íslendingar hefðu sjálfir
nokkra verslun, sem aðrir
þegnar hans, og bað bisk.
auglýsa það öllum prestum
í hans biskupsdæmi, og vita
hvað mikið fé þeir vildu
leggja fram til að koma
fyrirtækinu á.
Biskup ritaði prófástum, og
bað þá halda prestastefnur

í héruðum, og senda sér skriflegt svar fyrir sumarmál, næsta. Var bisk. mjög fýsandi, að þessu konungsboði væri tekið, með þökk og blíðni, hvað það bæði mildilegt, og nytsamlegt, og óvíst að færi vel að neyta. Flestir kváðu vanhæði á fyr sakir fátæktar, að taka þessu boði og varð ekkert úr því.
Nokkru síðar 1684 setti konungur nýja taxta, var hann harðari en hinir fyrri höfðu verið, og ennfremur tilskók hann að hver maður skyldi versla við kaupmann þeirrar sveitar er hann var búsettur í. Ef þetta var brotið lá við „bússlóðarmissir og Brimarhólmsvíst" (þ. e hólmi í Danmark, sem var fangastöður) þessum lögum var beitt mjög vægðarlaust af kaupmönnum

og embættismönnum. Þeir menn sem breyttu eitthvað á móti lögum þessum, voru með harðneskju hýddir eða dæmdir útlægir, og eignir upptækar.
Þess er getið að maður á Seltjarnarnesi, fór fram hjá kaupmanni sínum, með 2 fiska, og seldi öðrum, einhverra orsaka vegna.
Þessi maður var tekinn og bundinn við staur og hýddur, og eignin upptæk.
Á 17. öldinni voru margir embættismenn danskir, svo kaupmenn höfðu mikinn styrk til að kúga landsmenn, enda var harðræði þeirra mikið.
Árið 1749 varð Skúli Magnússon, landfógeti hér, og hafði, Íslendskur maður

ekki ordið það fyrri.
Hann var sviger við einokun-arverslunina.
Frá 1706–1742 höfðu ýms félög leigða hér verslunina, en frá 1. janúar 1743 höfðu Hörmangarar í Kaupmannahöfn hana leigða, og voru þeir landsmönnum þeir verstu.
Skúli landfógeti reyndi á allan hátt að hnekkja einokunarverslunninni. Hann gekkst fyrir því, að koma á fót iðnaði í landinu, og fékk til þess fyrirtækis fjárstyrk hjá Friðriki konungi V., 60 þúsund ríkisdali, en þetta fyrirtæki þreyfst ekki.
Hörmangarar mistu verslunina 1758, höfðu þeir látið nauðsynjavörur vanta undanfarin ár, en fólkið dó úr

hungri.
Konungur tók nú verslunina og lét reka hana á sinn kostnað í 4 ár, og styrkti jafnframt iðnaðarstofnanirnar. Þessi konungsverslun þreyfst ekki og var því verslunin enn á ný seld á leigu 1763, félagi sem nefnt var hið almenna verslunarfélag, og átti það einnig að styrkja iðnaðarstofnanirnar.
Skúli varð einn af stjórnendum verslunarinnar, og stóð hann einnig fyrir iðnaðarstofnunum.
Verslunarfélagið hugsaði, aðeins um sinn hag, en hirti ekki um að styrkja iðnaðinn. Skúli fór í mál við félagið, en tapaði því.
Síðar kom Skúli því til leiðar

að verslunarfélagið var sekt-
að um 4400 rd. fyrir skemt
mjöl, sem það hafði flutt
til landsins. Það fé var sett
á vöxtu, og rann í landssjóð
eftir að fjárhagur Íslands og
Danmerkur var aðskilinn.
Árið 1774 hætti hið almenna
verslunarfélag verslaninni
hafði verslun þess reynst
illa útlenda vörur afar-
dýr, og stundum skemd.
Kristjan konungur VII, sem
kom til ríkis 1766, lét
nú reka verslunina til
1786, að hún var gefin
laus við alla þegna, Dana-
konungs, en samt var
mjög hart gengið eftir
því, að utanríkis menn
sigldu ekki hingað til
verslunar, og þá einokun-

in væri úti var verslunin
samt ekki frjáls.
Danir réðu okkar lögum
mátti segja í versluninni
og kaupmenn, og verslunar
stéttin var dönsk.
Íslendingar fundu að við
svo búið mátti ekki stand-
a, verslunin varð að vera
frjáls.
Árið 1795: var hafið máls
á því á Alþingi, að gjöra
ráðstafanir til að bæta
verslunina. Fyrir því var
almennur áhugi.
Framsögu og framkvæmd-
ir þess máls, hafði Magn-
ús Stefensen.
Ákveðið var að skrifa
konungi, hann var beð-
inn, að rýmka, svo
verslunarfrelsið, að ut-

aðríkis, menn fengu að
sigla hingað með versl-
unarvörur, og sömuleiðis
kvartað yfir verslunninni.
og kváðu hana beggja lands
menn.
Strangur af þessari banna-
skrá varð enginn. Konung-
ur lét tjáí þeim er undir han-
a rituðu sína vanþóknun
en vottaði Ólafi stiftamt-
manni, sem eigi hafði
viljað skrifa ~~undir~~ skjalin-
a velþóknun sína og
hylli. Kaupmenn bötnuðu
ekki við þetta, og níddu
nú landsmenn í ræðum
og ritum. Hinir kjark-
minni landsmenn, voru
nú einnig sárir, við
bannaskrána, að egna
1571 1800
1571
229

kaupmennina, svona til
veiði. Nú mátti segja að
þeir kaupmennirnir væru
einvaldir í verslunarsökum
hálfa öld enn. Landsmenn
urðu að sýna þeim ótak-
markaða hlýðni, og virð-
ingu, mátti segja skríða
í duftinu fyrir þeim.
Milli þessara beggja málsparta
hafði myndast mikil fjarlægð,
hverir litu til annara, sem
óviðkomandi og andvígir, málsparta.
Kaupmenn höfðu fengið nokkra
þekkingu af umheiminum
en þó mjög takmarkaða, sem
gerði þá þröngsýna, og hroka-
fulla, sjálfbyrginga, sem fanst
þeir vera hafnir, svo hátt, að
þeir gátu ekki horft svo langt
niður, sem þessi Íslenska al-
þýða væri. Samneyti gátu

þeir aðeins átt með, embættismönnum, sem voru danskir eða skipaðir af dönskum konungi. Alþýðan varð að standa fjær, aðeins koma, nærri, þegar nálægðin, hafði í för með sér arðsvon, eða óhjákvæmi~~a~~legaðstoð til hjálpar kaupamönnum, og embættismönnum Alþýðan átti að temja sér auðmýkt, og líta í náð til andstæðinga sinna, alt sem henni var veitt, átti að skoðast óverðskuldað, það varð að kosta í hana, molum, svo hún heldi áfram að, framleiða þarfinnar, en varast þurfti, að hún fengi tilefni til að álíta, að hún ætti nokkurn rétt á þeim gæðum sem náttúran virtist benda mönnum á, að allir ættu.

Danir og danskt. Þau orð höfðu ná náð sterkum tökum yfir máttar tilfinningu alþýðunnar. Allir miklir menn kleður að vera danskir. Allir fallegir munir og það sem vel var gert hlaut að vera danskt. Framkvæmdir til framtaks eða varnar, var aðeins Dana meðfæri.

Eftir margra ára aga hafði Íslenska alþýðan til fulls lært þessa setningu: „Ég get það ekki.“

Þannig var ~~stabað~~ ~~um~~ verslunarfrelsi. Ef Englendingar og þjóðverjar versluðu ginntu þeir alþýðuna á einhvern hátt í viðskiftum, sem leiddi hundur og neyð yfir landið

Árið 1851 hinn 5 júlí var þjóð-

fundur í Reykjavík, hafði hann til meðferðar meðal annars stjórnarskráfrumvarp um verslunarfrelsi.
Fundurinn afgreiddi þetta frumvarp þannig að verslunin væri gefin laus við allar þjóðir.
Þetta mál lá hjá stjórninni þar til það komst inná Ríkisþingið 1853 og náði þar framgangi, þannig:
„Öllum þjóðum var heimilað
„að versla við Ísland, með
„lögum um siglingar og
„verslun 15: April 1854."
Síðan hefir verslun stórkostlega vaxið, breyting lands og þjóðar á þessum c: 50 árum er feiknamikil, en búast má við að þá sumt fái þann dóm hjá öllum að vera til bóta, þá fái annað það

ekki, enda ekki að búast við, að fyrirtæki, sem hafa eins víðtæk áhrif og verslun, geti fundið þann eina og rétta veg, án árekstrar, eða á stuttum tíma, eftir margra alda kúgun og rothögg.

Þá þrengist hringurinn og skal nú aðeins líta yfir verslun Skagfirðinga, en þá sérílagi okkar Viðvíkurhreppsbúa.

— Framhald —

Viðvíkurhreppur, er lítið félag, sem telur c: 200 meðlimi.
Margir þessara meðlima, hafa ýms áhugamál, er þeir vilja ræða við félaga sína, en fyrir óhentuga samkomustaði, geta það sjaldan, sem myndi þá verða til þess að margt það bæri til tíðinda, sem vekti umhugsun, efldi skynsemi, og skapaði sjálfstæði
Fljótlega breytist þetta ekki, en eitt má gera á meðan, sem er að láta miða ganga meðal félagsmanna. Hver birti þar sín áhugamál. Aðrir láti svo fylgja athugasemdir, og umræður og studdi: þannig, að undirbúningi málanna.
Það er með Góukomu 1911, sem

eim slíku miði fer á stað, og er það No 1. þ. e. sá fyrsti á þessu ári.

Umræðuefnið er ekki um neitt nýtt það eru 260 ár, síðan Ísland sá það, og þekkja það allir Íslendingar, en margir ekki réttilega.

## Tóbak.

Vér höfum öll séð það, í þeim myndum, sem það flytst á meðal vor, en fáir eða enginn í sinni frummynd.

## Tóbaksjurtina.

Stöngullinn er hérumbil 5 fet, á hæð stór blöð, randheil, aflöng frammjókkandi og vökvamikil. Stærst eru blöðin neðst á stönglinum, en minka eftir því, sem ofar dregur.

Blómið er stórt, hvítt eða rautt.

Jurtin er mjög fögur.

Jurtir eru búnar, á ýmsan hátt



til varnar móti óvinum sínum.

Sumar hafa hvassa brodda og þyrna, er stinga þau dýr, er granda vilja jurtinni. Aðrar hafa brenni hár eða eru beiskar á bragð og óljúffengar, svo skepnur forðast þær.

Sumar hafa í sér eitur, og er það góð vörn, því dýrin komast fljótt að því að þær eru ekki ætar. Til þessara jurta telst tóbaksjurtin, sem inniheldur tóbakseitrið, og er það vörn þeirrar jurtar fyrir óvinum hennar.

Tóbakseitrið er í blöðunum mest.

Í heitu löndunum vex þessi jurt óræktuð, nú er það víða ræktað.

Tóbak er ræktað víða í Evrópu, svo sem Hollandi, Austurríki, Ungverjalandi Dónárlöndunum, Ítalíu, Frakklandi, Spáni og Rússlandi.

Nyrst hefir það verið ræktað að

62. breiddarstigi.
Ár hvert í Marsmánuði, er fræjunum sáð í vermireiti, og í maímánuði, eru smájurtirnar settar í akurinn. Þegar eru komin 9-12 blöð á stönglinum fer blómið að myndast en það vilja tóbaksyrkjumenn ekki sjá, og gera ýmislegt til þess, að það myndist ekki, svo næringarefni þau, sem jurtin nær úr loftinu og jarðveginum, eyðist ekki í blómið, heldur gangi til blaðanna. Þegar blöðin, eru orðin fullþroskuð byrjar uppskeran, sem lengi, stendur yfir, og margir vinna við.
Árlega er búið til og eytt 2000 miljónir punda af tóbaki á jörðinni. Ætlað hefir verið að af dagsláttu fáist 2000 pd. eru þá tóbaksakrar jarðarinnar 1 miljón dagsláttur



Evrópumenn þekktja fyrst tóbaksjurtina 1492 þá er Kolumbus á fyrstu ferð sinni til Vesturheims, var boðið af eyjarbúum að vera við þá er þeir tóku þur blöð og lögðu á glæður, og sátu í hring og önduðu að sér reykum. Maður einn í liði Kolumbusar, segir að eyjar-búar hafi tekið blöð, undið saman og kveykt í og stungið í munn sér, og reykt til varnar móti mýflugum. Á þessum landkönnunarferðum, sáu Spánverjar einnig annarstaðar í Ameríku notaðar leirpípur til reykingar, og tóbaksblöðin bæði tuggin og tekin í nefið.
Saga tóbaksnautnar í fyrstu er þannig: Í heitu löndunum eru

víða skæðar og blóðsólgnar mýflugur og eru sannkölluð landsplága.
Íbúar þessara landa, fundu ráð ~~við~~ mót þessum óvinum með því að kynda stórbál af ýmsum jurtum, sem mikill reykur varð af og sitja svo kringum bálið, og höfðu þeir þá frið fyrir flugunum.
Þar sem tóbaksjurtin óx, var henni brent ásamt öðrum jurtum, og var því fljótt veitt eftirtekt, að reykur hennar var betri vörn móti flugunum, en annara jurta, og jafnvel drap flugurnar.
Þessa vörn gátu þeir aðeins haft, sem sátu í kringum bálin. Þeir sem voru á faraldsfæti, tóku því með sér logandi blöð og typtu þeir að, taka til hönd-



unum, stingu blöðunum í munn sér. Eftir nokkurn tíma, voru svo þessi bál kynnt, þótt engar flugur væri nálægar, ~~og reyk-unum~~ og neytt þægind a lífsins við að anda að sér reyknum, eins og sést af frásögn Kolumbusar í Ameríku.
Tóbaks reykurinn, drap mýflugurnar, en um leið náði yfirráðum yfir þeim, sem sátu í kringum bálin.
Spánverjar fluttu tóbak til Lissabon árið 1558 og var það fæðingar ár þess í Evrópu, það var undra fljótt að ná veseti, því á einum mannsaldri hafði það lagt undir sig alla Evrópu, þótt það mætti megnri mótspyrnu víða.

Tóbaksjurtin hafði eitrið sitt til
að dýrin eyðulegðu ekki jurt-
ina, en einnig til að láta menn-
ina éta sig svo hún yrði víða
ræktuð og gróðursett.
Alstaðar þar, sem tóbaksnautnin
ruddi sér til rúms, kom í ljós,
það álit að hún væri skaðleg, og
því hafin afsókn móti henni.
Englandi var settur tollur á
tóbak Kr. 5.95 á pund, og Jakob
fyrsti, sem var konungur þar
um 1600 samdi bók, sem hann
kallaði Reykhatara, efni hennar
má ráða í af þessari setning-
unni úr henni: „Góðir hálsar!
„Ef þér kunnið sóma yðvarn
þá afleggið þessa djöfullegu-
venju, sem hefir þróast í fáfræði
og heimsku, og er getin í smán“.



Átti hann þar við tóbaksnautn-
ina.
Í Tyrkjaveldi var ýmsra bragða
beitt, til að stemma stigu fyrir
tóbaksnautn. t. d. hver, sem sást
reykja, hlaut þá hegningu, að
pípunni var stungið gegnum
nef hans, og hann svo leiddur,
um göturnar þannig, í Mikla-
garði, og ýmsar aðrar hegning-
ar. Páfarnir Úrban og Inno-
cents bannfærðu þá sem neytt-
u tóbaks í kirkjum, meðan tíðir
stóðu yfir, en Benidikt XIII
hóf það bann, því hann tók sjálf-
ur í nefið.
Í Persa var tóbakssali brendur
með öllum sínum byrgðum
Í Rússlandi lág við nefmissir,
ef tóbaks var neytt.

Á þessum tímum, var mikið rætt og ritað, um tóbak og höfðingar ríkja og kirkna, hótuðu limlesting og helvíti, en ekkert vald stóð vopni tóbaksins á sporði.

Til Íslands ~~rætti~~ rétti það arm sinn um miðja 17 öld. og þekkjum vér vöxt þess nú.

Undanfarandi ár hefir verið selt árlega hér á landi hérumbil 300-000 pd. og setja pd á Kr. 2.00, eins og hefir verið meðaltal n. l. 20 ár, eru það 600000 krónur, sem landsmenn hafa látið fyrir það <u>árlega</u>

Nokkru meira fé en landssíminn, kostaði frá Reykjavík til Seyðisfjarðar.

Tóbaksverðið á næstliðnum 20 árum er því 12 miljónir króna; hefði



sú upphæð verið lögð í gufuskip, hefði landið átt nú öll skip, sem fasta áætlun hafa, hér til lands. Hefði upphæðin verið höfð til að rækta mela, móa og mýrar, Hvernig leit það út?

Þess má geta að alt tóbak, hafa landsmenn, ekki haft til neytslu, því mörg ár hafa tóbaksblöð flutst inn fyrir 1-2 þúsund krónur árlega. ——

Eftir sem hér hefir verið sagt, sést ljóslega, að tóbak er ekki ætlað til neytslu, en til lækninga má í sumum til fellum hafa það, vegna eitursins, sem drepur sóttkveykjur og smærri dýr. Jean Nicot frakkneskur sendiherra á Spáni, er sagt að hafi ræktað tóbak, og læknað með sár, og er tóbakseitrið síðan nefnt „nicotin“. Það hefir einnig reynst gott

til að drepa snýkjudýr, sem lifa á og
í húsdýrunum.
Á næst liðinni öld voru ýmsir ólærðir
menn að fást við lækningar, og ráðlögðu
tóbak við ýmsum sjúkdómum.
Nú segir læknisfræðin að tóbakið sé
ekki einusinni gagnslaust til lækn-
inga, heldur skaðlegt líkama manns-
ins.
Þau áhrif er tóbakið hefir á menn eru
ekki þægileg í fyrstu. Flestir sem
tyggja það eða reykja fá svima
ógleði og uppsölu í fyrstu. Það á
illa við óspiltan mannslíkama
og er það vegna eitursins.
Hreint tóbakseitur — nicotin — er
vatnstær gagnsæ olía, og er hún svo
banneitruð, að ekki þarf nema fáa
dropa til að drepa mann. Í einu
pundi tóbaks er 2–8 kvint tóbaks



eitur. Tæki maður inn í einu eitur
það sem er í fjórðungi tóbakspund,
væri hann dauður á sömu stundu.
Að tóbaksneytendur lifa þótt þeir
neyti margra punda, á einu
ári, er vegna þess, það er svo lítið
í senn, sem þeir bjóða líkam-
anum.
Þrátt fyrir þau óþægindi, sem „nic-
otin" hefir á mannseðlið í fyrstu, þeg-
ar það er sett við skynjunarfærin, þá
þegar búið er, að endurtaka þetta
nokkrum sinnum, og eitrið hefir
borist í blóðinu um allan líkam-
ann, og heimsótt hvert hans frumefni
barist við þau, og yfirunnið, segjum
vér hann sé orðinn tóbaksvanur
en það er: Þá hafa líffæri líkam-
ans beðið ósigur í baráttunni við
nicotin, og misst vopn sín móti

þessum óvin, og líkaminn hefir tekið þeirri breytingu, að geta ekki verið án tóbaks, og getur ekki sagt því upp vistinni, þá hann vildi. Öll tóbaksnautn er skaðleg segja vísindin nú. Spillir heilsunni áþreifanlega.

Þegar tóbak er tuggið, eykst munnvatnsrennslið frá munnkyrtlunum og kemur þar af tóbakslögur, sé honum rent niður, skemmir tóbakið meltinguna, sé honum spýtt missir meltingin munnvatnið sem er nauðsynlegt fyrir hana.

Þegar tóbak er reykt, á sér hið sama ~~sér~~ stað með munnvatnið og þar að auki, hefir reykurinn, sérstaklega lamandi áhrif á heilann. Þannig er það sannað, að þeir sem eru við nám, spilla námshæfi-



leikum sínum við reykingar.

Þegar tóbak er tekið í nefið, hefir það vond áhrif á augun, eykur táraensli, frá tárakyrtlunum. Það er oft þegar þeir, sem hafa óhraust augu taka í nefið mikið, að þeir á elliárum verða blindir.

Tóbak hefir ill áhrif á geðsmuni manna.

Tóbak er þarflaust til nautnar

Tóbak er skaðlegt til nautnar

Tóbak er illur húsbóndi

Tóbaksins þræll er ilt að vera.

Tóbaksnautn er stór útgjaldaliður.

Er ekki íhugunarvert fyrir alla, áður en þeir byrja tóbaksnautn, hvað afleiðingarnar gera?

Viðvíkurhreppsbúar! „Nú skulum við athuga tóbakið."

Það er ekki hægt með vissu, að

segja hversu miklu tóbaki, vér eydum árlega, en ganga útfrá ad vér séum eins og adrir landsmenn þá er það sem næst fyrir 1500 kr. Setjum nú svo ad vér séum betri en adrir menn, og neytum ekki svona mikils. t.d. höfum 100 kr. fyrir tóbak til lækninga húsdýra, og séum 400 krónum sendir medallagi Þá er það samt þúsund krónur, sem vér eydum árlega fyrir tóbak. Hérum bil sama upphæd og útgjöld hreppsins hafa verid nú nokkud mörg ár, árlega.

Væri ekki hægt, ad gera eitthvad þarfara med þessa upphæd?

Vidvíkurhreppur hefir 408 jardarhundr. og myndi kosta 40–50 þúsund kr. Vidvíkurhreppur gæti keypt annan hrepp jafnstóran sér, fyrir



fjörutíu ára tóbakspeninga Renta myndi fylla upp 5. tuginn.

Vidvíkurhreppur á mikid af mó-um óræktudum, og illfærum mýrum, hvernig væri ad prýda það med 1000 krónum á ári? Eftirkomendur vorir hér í Vidvíkurhreppi, myndu, árid 2.000, þegar þeir stædu á slíkum ræktudum bletti, og hagnýttu sér afurdina, eda tækju móti afgjaldinu af jördunum, geta minst vor, fremur med þakklæti, heldur en þá þeir reiknudu út, hve mikid það tóbak var virt sem vér, tródum í skilningarvitin, vora tíd.

Eitthvad þarf vid tóbakid ad gera því má ekki fara meira fram hjá oss, það á ad vera búid ad

~~að~~ lifa sín framfara ár, ætti
að komast, sem fyrst, á elliárin
vera svo sönn lögum háð, sem
aðrir, sem fæðast og deyja
Það haft, sem Ísland hefir sett á
tóbaksnautn, er einungis tollur, en
það er augljóst nú, að hann hefir
ekki minkað nautnina.
Það virðist framkvæmanlegt, að tóbaks-
nautnin minkaði á þann hátt, að
ungt fólk, byrji ekki á henni, og þeir
sem það geta hætti. Það þarf að hugsa
og skipa hvað á að gera, og allir að
heyja stríðið.
- Eldra fólkið, sem tóbakið hefir náð
yfirráðum á, má ekki eins og
Benidikt XIII páf. ganga í lið með
tóbakinu og herja á þá sem ósigrað-
ir eru, þeir eiga stöðugt að vinna
á móti því, láta yngri kynslóðina



sig. og ætíð heyra, með hvaða vopn-
um það vinni og hvernig eigi að
verjast það.
Unga fólkið, sem tóbakið hefir
sigrað, skal einn góðan veðurdag ~~að~~
segja: „Svei þér tóbak! Tæla mig
skaltu ekki lengur." Því er betra
að líða illa 1-2. mánuði en neyta
tóbaks í mörg ár.
Æskulíðurinn, sem ennþá þekkir
ekki áhrif tóbaksins. Vertu sjálf-
stæður og aðgættu hvað tóbakið
bakar þeim eldri. Álíttu ekki
kurteisi að reykja vindil eða
„Cigarettu" þá því sjáir þá hátt-
settu menn og konur gera
það. Hvar sem þú ert staddur
þá er það kurteisi, að hafna
því, sem þér er boðið, ef þú
hefir, þá sannfæringu, ~~að það~~

að það sé rétt. Byrjaðu ekki á tóbaksnautn með því áformi að hætta síðar, þú getur ekki álitið þig sterkari á svellinu, en forfeður þína, sem hefðu heldur látið tífalt verð fyrir tóbak, móti því vanalega, heldur en vera án þess.

„Varaðu þig."

Þér foreldrar, aðgætið börnin yðar smáu, gegn tóbaki.
Látið ekki tóbaksreyk vera í íbúðarhúsum þeirra, allra lungu þola hann illa, en verst þeirra. Þegar börnin yðar vaxa upp, og þér, reynið að láta þau þekkja hætturnar í lífinu, þá gleymið ekki tóbaki.

Kolkuósi 20. febr. 1911

Hartmann Ásgrímsson



Kæru hreppsfélagar!
Þessa litlu ritgerð, sem hér fer á undan, ætlast eg til að gangi greiðlega á meðal yðar rétta boðleið um hreppinn frá Hringveri að Kolkuósi. Ósk mín er sú, til yðar, að þér, sem flestir lesið hana, þótt hún hafi ekki að innihaldi, það sem þér vissuð ekki áður, þá vona eg samt, með því að segja yður hér að þetta sýnist mér með allra mestu nauðsynjamálum, að þér hugsið alvarlega um tóbaksnautn; og er þá í engum efa hver niðurstaðan verður, þá er tilgangi mínum náð.

Með bestu kveðju

Kolkuósi 23/2 1911

Hartmann Ásgrímsson

Vér sem ritum nöfn vor hér undir skuldbindum, oss til að neyta aldrei tóbaks:

1. Hartmann Ásgrímsson Kolkaósi
2. Guðbrandur Björnsson Viðvík
3. Anna Jónsdóttir Viðvík.
4. Haraldur Sigfússon Viðvík
5. Ólafur Helgason Ærni.
6. Magnús Björnsson Ærni
7. Sigurjón Sigurðsson Ásgeirsbrekku
8. Guðmundur Jónsson Ásgeirsbrekku
9. Sveinsína G. Jónsdóttir Ásgeirsbrekku
10. Jónínna M. Sveinsdóttir Ásgeirsbr
11. Guðvarður Guðmundsson Ásgeirsbrekku
12. Björn Símonarson Hofstaðaseli
13. Árni Þorgrímsson Hofsstaðaseli.
14. Jóhannes Bjarnason Hofstöðum
15. Stefán Stefánsson Hofsstöðum
16. Páll Dýrmundur Þorgrímsson Hofsstöðum
17. Sigurður Pétursson Hofstöðum
18. Sigr. Lovisa Sigurðardóttir Hofsstöðum
19. Sigrún Pálmadóttir Hofstöðum
20. Guðmundur Magnússon Svaðast.
21. Jón Pálmason. Svaðastöðum.
22. Pálmi Jónsson. Svaðastöðum.
23. Hallfríður F. Jóhannesardóttir Svaðast.
24. Jónína Jónsdóttir Svaðastöðum.
25. Tómas Björnsson Syðrihofstöðum
26. Ingibjörg Sigurðardóttir Syðrihofstöðum
27. Sigtryggur Sigurðsson Syðri-Hofdölum
28. Jóhanna F. Sigurðardóttir Syðri-Hofdölum
29. Guðrún Bergsdóttir Ytri-Hofdölum
30. Guðrún G. Magnúsdóttir Ytri-Ho
31. Bergur Magnússon. Hofdölum
32. Guðmundur Jósefsson Vatnsleysu
33. Bessi Gíslason Kýrholti.
34. Margrjet Símonardóttir Brimnesi
35. Kristrún Jósefsdóttir Brimnesi
36. Ólöf Vilhelmsdóttir Brimnesi
37. Guðbjörg Baldvinsdóttir s. st.

Ég hef lesið þann ritaða grein með
ánægju á því að hún fjallar um mál
sem er mjög mikilsvert að sé gaum-
ur gefinn hér hjá oss Íslendingum, tóbaksnautn-
in er þess eðlis að hún mun í flest-
um tilfellum vinna neytendum sín-
um margfalt meira tjón en gagn,
getur máske verið stórt vafamál, hvort
hún veiti nokkru sinni nokkra
verulega ánægju, en sú ánægja er í
öllum tilfellum __allt of dýrkeypt__
því eigum við að bindast frjálsum
samtökum um að útrýma henni.-
Sérstaklega ættuð þér drengir sem
ennþá hafið ekki neytt tóbaks að
bindast heiti um það, að láta það
aldrei koma inn fyrir varir yðar né
troða því í nefið, það er miklu meiri
mannsbragur í því, að geta stillt sig

um að neyta tóbaksins heldur en í
hinu að geta verið með. slíkt aflar
yður álits góðra drengja, og veitir yður
aukið, skerpt þol og lífsfjör, auk þess
sem það sparar peninga yðar.-
Ég er því greinarhöfundi þakklátur
fyrir að hafa vakið máls á þessu
nauðsynja máli og skrifa með gleði
nafn mitt undir skuldbindinguna
og vona að svo muni fleiri gjöra

Víðirk 3. mar 1911

Guðbrandur Björnsson

J.

38. Sigurlaug Einarsdóttir Brimn[illegible]
39. Björn Anton Jónsson s. st.
40. Magnús Vilhelmsson
41. Sigurlaug Baldvinsdóttir s. st.
42. Steinunn Ísaksdóttir s. st.
43. Gísli Sigurðsson s. st.
44. Hólmfríður J. Einarsdóttir s. st.
45. Fanney Jónsdóttir Litlahóli
46. Sólveig Jónsdóttir Litlahóli
47. Jón Þorgrímsson Miklahóli
48. Guðmundur Þorgrímsson s. st.
49. Jón Helgason s. st.
50. Ingibjörg Björnsdóttir s. st.
51. Guðmann Þorgrímsson s. st.
52. Jóhannes Þorgrímsson s. st.
53. Þorleifur Þorgrímsson s. st.
54. Salbjörg Jónsdóttir s. st.
55. Kristín Þorgrímsdóttir s. st.
56. Ingibjörg Þorgrímsdóttir s. st.
57. María Magnúsd. Langhúsum

~ Áramót. ~

Áramótin vekja öldurót í hugum
okkar. Koma þá fram margvís-
-legar hugsanir, sem á öðrum
tímum gera lítið eða ekkert vart
við sig. Verður okkur þá, fremur
en endranær, að íhuga ástand
okkar á hinum ýmsu sviðum.
Við rennum huganum yfir liðna
tímann – yfir svo fjölda mörg
atvik, sem liðin eru hjá og aldrei
koma aftur, og sem við aðeins
eigum í endurminningunni
Sum þessi atvik er okkur ljúft
að hugsa um, og er endurminn-
-ingin um þau okkur kær
fylgifiskur yfir takmörk gamla
og nýja ársins. Sum aftur
á móti vekja hjá okkur sorg
eða jafnvel gremju, og viljum við

gjarna vera laus við þau með öllu.
Endurminningin um þau er okkur
samt sem áður fylgispök, og getur
oftlega komið að góðu haldi. Það sem
okkur finst hafa miður vel farið
á liðna tímanum, getur í endur-
-minningunni orðið góð aðvörun
45 á þeim ókomna, því - til þess eru
46 vítin að varast þau."
47 Áramótin blanda saman í huga
okkar sorg og gleði, söknuð og þrá.
Vér söknum margra liðinna stundanna
- söknum margra ánægjustunda
sem við vildum svo gjarna lifa
upp aftur. Við söknum líka fjölda
margra stunda sem ónotaðar voru
á liðna árinu, syrgjum þau auðæfi
sem þær hefðu getað veitt okkur
ef þær aðeins hefðu verið réttilega
notaðar.

Vonir okkar á gamla árinu hafa sumar
ræst, en margar visnað og dáið.
Sumar þeirra höfum við svelt til
ólífis, með ódugnaði okkar og ódygðum
en sumar hafa líka dáið af slysum.
Við erum hálf kvíðandi, því þótt gamla
árið hafi að einhverju leyti verið erfitt,
vitum við ekki, nema að nýja árið
færi okkur enn meiri erfiðleika.
En slíkur ~~hugsun~~ kvíði má ekki yfirbuga
viljaþrek vort, - viljann á því
að beygjast ómannlega. Mannlegt
er altaf að rata í raunir, en
mannlegar raunir eigum við að
yfirvinna og fá með því lykil
að þeim dýrustu fjársjóðum, er
nokkrum getur hlotnast.
Á nýja árinu skulum við grafa
eftir gullkornunum, sem við á
gamla árinu höfum troðið niður

í sorpið, því þau eru mörg og mikils virti, og áreiðanlega mikið fleiri en nokkur hyggur.

Kapphostum á nýja árinu að verða að miklum mönnum, en gleymum ekki að einasti vegurinn þar til er að vera góður maður.

Við stöndum á takmörkum gamla og nýja ársins. Við horfum fram undan okkur með mikilli eftirvænting; okkgirnist að sjá hvað nýja árið felur í skauti sínu. En þó alt er hulinn leyndardómur. Við sjáum alt í móðu og getum því enga skilgreining gert. En gegn um þá móðu sjáum við þó örlítinn glampa, sem er fyrirboði fagurs morgun-roða.

Skeggviður.

## Nýtt skáld

Meðal síðustu bókanna sem ég hefi keypt fyrir lestrarfélagið okkar, er bók eftir Axel Thorsteinsson, sem heitir „Ljóð og sögur“. Hér er nýtt skáld á ferðinni til okkar, og þykir mér því hlýða að fara um bókina nokkrum orðum. Höfundurinn er ungur menta-maður, er stundar nú nám við Hafnar-háskola. Hann er sonur Steingríms heitins Thorsteinssonar, þjóðskáldsins mikla. Ég man eftir Axel, frá skóla-árum mínum, var hann þá lítill drengur, í foreldrahúsum. Hann var fríður sýnum, hvatlegur á fæti og hvers manns hugljúfi. Eru mér sérstaklega minnisstæð skæru, bláu augun hans, sem tindruðu af lífsfjöri og góðleika. Sagt var mér að Steingrímur heitinn hefði haft sérstaklega dálæti á Axel

sínum og spáð honum góðrar framtíðar.
Mér var forvitni í huga er ég komst yfir
þessa litlu bók, eftir ófangreindan höfund.
Hvernig mundi hann nú yrkja, hvernig
mundi nú vera að hitta hann eftir
liðug 10 ár. Mikil efalaust orðin breyting
á honum eftir svo langan tíma; hann
þá á barnsaldrinum, en nú fulltíða
unglingur. Skyldi ég hitta í kvæðum
hans hreinu, saklausu og skæru barns-
-augun, sem ég man svo glögt eftir.
Ég tók bókina og fór að lesa. Hið fyrsta
sem ég fann, var að hann hafði erft
þýðleika föður síns. Kvæðin voru flest
svo létt og auðskilin. Játa verð ég, að
mér fanst þau nokkuð keimlík.
Aðal yrkisefnið – ástin milli manns
og konu. En dregnar voru þar fram
fagrar myndir, og þótt víða komi í ljós,
í kvæðunum, sorg yfir sviknum vonum

þá skín þó í gegn, bjartsýni, trú á lífið
og það sem mér þótti vænst um, göfug
og hrein sál.
Ég fann í hörpu þessa unga skálds,
hreimfagra tóna, sem ég hefi ekki fundið
nema hjá einstökum yngri skáldum
vorum, og samfara þeim örugga trú á
áframhaldandi tilveru mannsálarinnar
eftir dauðann. Ég get þess hér af því, að
það er nýnæmi í íslenskum nútíðarkveð-
-skap, að heyra slíka skoðun framsetta
jafn látlaust og gjört er í sögunni:
Sjálfstætt brot úr prentaðri sögu
Mér hlýnaði um hjartaræturnar við
lestur ljóðanna hans Axels. Ég skildi
að hér hafði göfvin borið að garði, og hann
er þess maklegur að hann njóti íslensku
gestrisninnar í ríkulegum mæli. Ég veit
raunar að sumum þykir lítið í kvæðin
spunnið, efnið einhliða ást og aftur ást.

Nú höfundurinn er ungur og óreynd-
-ur og hann syngur og yrkir um það
sem hann hefir sjálfur séð og reynt.
Nú næmt eyra mun finna þýða blæinn,
sem er yfir þessum einföldu ljóðum,
og angan blóma og saklausrar ástar-
-sælu leggur inn að hjartarótum þeirra
sem „geta fundið til," við lestur ljóðanna
hans. – Ég veit að margir hér í sveit,
verða mér ósamdóma, en ég bið þá samt
að taka mjúkum höndum móti þessu
ljóðakveri. Það eru fáir smiðir í fyrsta sinn.
Sú er spá mín, að ef auðnist Axel langt
líf, þá eigi hann eftir að syngja íslensku
þjóðinni, marga fagra söngva, sem verða
munu nitjum okkar kærir, líkt og söngvar
föður hans, Steingr. Thorsteinss. eru okkur nú.
Fylgi þessu nýja skáldi okkar heitustu
hamingjuóskir –

Guðbr. Björnsson.

## Jólin

Nú er jólin nálgast, koma til okkar
nýjar hugsanir. Barnaheimilin segja
sögur og syngja jólasöngva, en fullorðna
fólkið keppist við að koma upp einhverjum
nýjum spjörum, til að fara ekki í jóla-
-köttinn. – Jólin koma með sinn
hátíðasvip inn í huga almennings, nokkru
áður en þau ganga sjálf í garð.
Illa átti því við, að ekki væri þá líka
jólasvipur yfir Vitar okkar, sem nú um
jólin hefur göngu sína á ný.
Ég rita hér örfá orð, sem ég ætlast til að
geti orðið okkur jólahugleiðing. Það er
naumast hægt að segja að höndfarandi jól
komi með söng og sól yfir kristna heim-
-inn. Friðarboðskapur jólanna lætur
illa við þeim atburðum sem nú gjörast
meðal kristinna þjóðanna; „Br. frændur
berjast og að bana verða", sem hin aldna spá
segir

Og þó er söngur mannsálarinnar inni-
-falinn í friðarkveðjunni, sem englarnir
fluttu hjarðmönnunum á Betlehemsvöllum
„Friður á jörðu, dýrð í upphæðum og guðs
velþóknun yfir mönnunum.
Maðurinn þráir frið og samræmi.
Samúðar og kærleikstilfinningin er
sterkasta þrá óspilltrar mannsálar.
Vér þurfum ekki annað en stynga hendinni
í okkar eigin barm, til að fá fulla vissu
fyrir því. Við erum aldrei jafn hjartanlega
glöð, eins og er vér höfum gjört eitthvert
miskunnarverk, aldrei jafnmikil rósemi
í sálinni eins og þegar alt umhverfi
okkar er friðsamlegt og fagurt, — heilagur
friður hvílir yfir öllu. Og samt skuli
þetta nú vera eins og það er, mannsálin
óróleg og friðvana. Hvenær fáum vér
frið? Hvenær mun hnefarétturinn
hverfa, en kærleikur og réttlæti ráða

lögum og lofum á jarðríki.
Postulinn mikli kendi til þessa
sársauka, er hann andvarpar: Hver mun
frelsa mig frá þessum dauðlega líkama.
Allir umbótamenn heimsins hafa
kent til sama sársaukans, og fundið
til þess hve efnið væri andanum örðugt
viðfangsefni, og stunið yfir því, hve
örðugt sé að yfirvinna ástríðurnar og
gjöra líkamann auðsveipan þjón kærleika,
réttlætis og friðar. En þegar vér förum að
kryfja til mergjar, upptök sundrungar
ófriðar og annara óheilla, sem fylgja
menningu nútímans, þá finnum vér,
að allar eiga þær upptök sín innan
sálarlífs einstaklingsins. —
Hvenær fáum vér frið? þeirri spurningu
má svara, þegar mannsálin er orðin
svo vitur, þroskuð og kærleiksrík, að
hún kann með líkamlegu gæðin að fara,

svo að skifting þeirra valdi ekki deilum, en sérhver fái sinn deildan verð og neyti hans með glöðu geði og hjartanleg-um bróðurkærleika. Nú sem stendur er gamli mammon æði þróttmikill hér á jörðu vorri. – Flestir kenna þann karl; margir tigna hann, flestir renna til hans hýru auga, en hinir eru fáir sem án hans vilja vera og aldrei heita honum þjónkan sinni.

En mammon er grár og kaldsinnaður, og hefir gaman af deilum og metnaði. Nú með jólunum hverfist í augu honum friðarboðskapur kærleikans. Það er kær-leikans hlutverk að steypa mammoni af stóli, en setjast sjálfur að völdum í sálunni mannanna. Jólahugleiðingin sem þessi grein vill vekja í sál þinni, lesari góður, var því sú: Hvorum þessara herra þjónar þú, mammon eða kærleikanum.

Undarleg spurning virðist þetta, en hún er nú svo nálæg sérhverju okkar, að við verðum að gjöra sjálfum oss einhverja grein fyrir því, á hverja sveifina vér höllumst. –

Við skulum nú gjöra ráð fyrir því, að við öll, sem lesum Vitor, séum fyrir-hyggjusamar og hugsandi manneskjur. Má þá líka vonast eftir því, að flestir les-endurnir hafi gert sér grein fyrir því fyrir hverju þeir vildu berjast í lífinu og að hverju þeir vildu keppa.

Athugi nú hvert okkar verkefnin og markmiðin sem við keppum að. Þá getum við nokkuð séð hvorum herranum vér gjöldum þyngri skatta, og þá jafnframt hver þeirra á meiri ítök í sálum okkar. Hreinskilnislega játar sá sem þetta ritar, að hann finnur gjörla að mammon á mikil ítök í sálu hans.

En hann þráir umbætur, þráir þá mann-félagsskipun, er réttlæti og friður heldur vörð yfir hýbýlum mannanna og kærleikurinn þurkar öll tárin er kunna væta.

Nú efast eg heldur ekki um það, að þið sem þessi blöð lesið þráið hið sama, og þá vona eg að þið takið höndum saman og hrindið mammoni af veldisstóli, en krýnið réttlætið og kærleikann, og heilsið svo hinn frelsarann Jesú Krist. Sú sé vor sameiginleg jólaósk.

Guðbrandur Björnsson.

Grein þessi var send ritnefnd Viðars nokkru fyrir jólin. Var þá gert ráð fyrir að Viðar kæmist svo fljótt af stað, að hann gæti tekið þátt í jólahugs-unum lesenda sinna. En þá fór það svo, að Viðar varð á eftir tímanum eins og svo margt annað. Þykir þó rétt að láta greinina fara, því víst eru margir meðtækilegir fyrir jólahugsanir, þó jólin séu um garð gengin. R.

[illegible]

Heilluðu fjöllin hug minn þá.
Heimsins fjarri glaumi,
hinn heiði lá eg á
lygnum nærri straumi.

Fallin voru og fölnuð þá
fjallablómin kæru;
lá þó fagur lyngmór hjá
lækjum silfurtæru.

Yndisfögur auðnin var
aftanstund svo blíða;
ýms þó sáust örin þar
eldsins, storms og hríða.

Aldan létt á legi hló,
lá eg á mosabeði.
Þarna fann eg frelsi, ró,
friðsælu og gleði.

Þá ég heiðblá himintjöld
horfði á rákir skýja,
þegar sólin seint um kvöld
sendi geisla hlýja.

Fallandi ég fossinn sá
fagran heyrði hreiminn
Bláhvít jökulbungan há
bar við heiðan geiminn.

Hlýddi ég svanasönginn á
sem var skær og blíður;
flaug með ljúfi frjálsi hjá
fjallablærinn þýður

Gleymi ég aldrei göfgri mynd.
Glitraði jökulsmjöllin,
kysti sólin kaldan tind
hvarf svo bak við fjöllin.

Hrafn
H.

## Jólasaga.

Einu sinni var stórbóndi ~~einn~~, er hafði ráðskonu þá er Rósa hét.
Faðir hennar hafði verið svo fátækur, að hann gat ekki séð fyrir henni, nema til tíu ára aldurs, og varð þá að láta hana í vist. Upp frá því hraktist hún mann frá manni, þar til hún var 24 ára gömul. Fór hún þá til stórbónda þess, er hún var hjá, er saga þessi gerðist.
Það var fyrsti jóladagur. – Bóndi og heimafólk hans, var við kirkju, nema Rósa, hún sat ein heima.
Þegar fólkið var farið, kom öldruð kona að finna Rósu. Kona þessi hét Marei og átti heima skammt frá stórbóndasetrinu. Rósa tók henni vel, og töluðu þær margt saman.
Þegar gamla konan fór, gaf Rósa

henni jólaköku. Þegar gamla konan fór, launaði hún Rósu kökuna með góðum ráðleggingum, — en góð ráð eru altaf mikils virði. Segir hún Rósu, að ef hún vilji sjá manns-efni sitt, skuli hún fara inn í stóran ofn er þar var inni þegar kl. væri 12 og mundi hún þá sjá ~~það~~

Það færðist roði í andlit Rósu við þessa tilhugsun, og bar hún hönd sína upp að hjartanu við og við. Henni fanst vakan verða að draumi, og án þess hún vissi verulega af, fór hún inn í ofninn.

Áður en hún opnaði ofnhurðina, stansaði hún eitt andartak, og fann þá að hægur titringur fór um hana alla. En skær og þýður klukknahljómur barst þá samstundis til eyrna hennar. Hann hresti hana svo, að hún hert upp hugann og snaraðist inn í ofninn.

Meðan á þessu stóð, var stórbóndinn á heimleið frá kirkjunni.

Hann gekk hugsi, og varð ekki var við að María gamla var þar á ferð og kom beint á móti honum.

Alt í einu stóð gamla konan framan fyrir honum, og birtu af ljóskeri sem hann bar, lagði beint framan í andlit hennar, sem var bæði gult og grett. Hún heilsaði honum. Hann tók kveðju hennar og ætlaði svo að snarast fram hjá, en hún stöðvaði hann. — „Heyrðu, — þú ættir að fara að hugsa þér fyrir konu-efni, og það sem fyrst. Ef þig girnist að sjá konu þá sem þú átt að eignast, skal eg leggja þér heilráðin. Komist þú heim áður en klukkan slær 12

altir þá að líta inní stóra ofninn þinn um leið og þú gengur hjá honum." Að svo mæltu fór hún leiðar sinnar. – „Skass", tautaði bóndi og hélt áfram. Þegar hann átti eftir fá skref að bænum, sló kirkjuklukkan 12. Hann hraðaði göngu sinni, ósjálfrátt. Er hann ætlaði inn í stofu sína, gekk hann fram hjá ofninum. En hvað sá hann þar? ofnhurðin opin. Hann brá ljóskerinu upp að ofndyrunum. En hvað var þetta? Var ekki ráðskonan hans þarna lifandi komin.
Honum varð orðfall, og gaf þessu ekki frekar gaum, hristi undrandi höfuðið og gekk inn í stofu sína. Setti hann ljóskerið á borðið og settist í stól sinn, og tók að brjóta heilann um alt þetta.

Eftir litla stund hóf hann upp höfuðið, eins og hann hefði fast-ráðið eitthvað. Því næst kallaði hann, „Rósa", hvað er orðið af þér? Litlu síðar kom Rósa inn í stofuna og strauk hendinni um andlit sitt, þar sem henni þótti líklegast að sótblettir sæust. Stóð hún þögul frammi fyrir húsbónda sínum, eins og hún biði eftir skipun. Hann horfði lengi á hana. „Rósa" sagði hann hikandi. „Rósa, heldurðu að þú vildir giftast?"
Rósa leit undrandi, stórum augum á hann – en þó mjög angurblítt. – „Fáðu þér sæti hérna hjá mér", sagði hann og dró fram stól handa henni, en Rósa stóð kyr. Hann greip þá um hönd

hennar og sagði: „Rósa, væri þér
á móti skapi að verða konan mín?"
„Nei stórbóndi, þú mátt ekki gera
svona að gamni þínu, á sjálfa
jólanóttina." „Þetta er mín hjart-
-ans alvara, segðu bara já Rósa",
mælti stórbóndinn.
Hann fékk jáið, þó hún þegði!!
Lifðu þau bæði í ljúfum draum,
dálitla stund, en voru auðvitað
vakin af honum, von bráðar.
Rósa varð~~ar~~ nú að fara að bera
á borð, jólamatinn fyrir fólkið.
Henni var óþægilega heitt við þann
starfa, sem von var, eftir þetta
merkilega æfintýri. Sætti hún tæki-
-færi til að opna dyrnar og fá inn
svalandi loftstraum. Um leið
haltraði Marei gamla framhjá.
„Marei" hvíslaði Rósa.

„Ég hefi farið að ráðum þínum, og
sá ekki einungis mannsefnið mitt,
heldur hefi ég nú lofast stórbónd-
-anum hérna." Að svo mæltu
fór hún inn og sótti tvær kökur,
fór með þær út og fékk Marei þær,
og sagði að hún væri búin að vinna
fyrir þeim. „Hjartans þakkir fyrir
mig", sagði Marei gamla, og
brosti á eftir Rósu, sem flýtti
sér inn. Fór síðan Marei gamla
ánægð af stað með kökur sínar.

Þrándur.

Þó að sagan hans Þrándar fari vel,
þá getur hún varla talist merkileg,
þrátt fyrir sínar góðu leiðbeiningar,
sem bæði ég og aðrir munu reyna
að nota. En „Litlu verður Vöggur
feginn". Það mætti setja nafnið

„Viðar" í staðin fyrir „Vöggur";
og nota svo málshátt þennan
nú á dögum. Það má svo að
orði komast, að ritnefnd Viðars
hafi enn ekkert verið sent, honum
til viðhalds, á þessum vetri, og
munu þá flestir geta séð, að hann
mun tóra skamt með því lagi.
Ef ekki verður reynt að fóðra
„Viðar" betur, hér eftir, en hingað
til, þá mun hann verða horðauður
löngu fyrir sumarmál.

Gunnl. Björnsson.

# Böð

Lengi hefir sundið verið ein af okkar
bestu íþróttum. Það verður ekki
annað sagt, en oft hafi sú íþrótt
borgið lífi manna, og tæplega getur
hún nokkru sinni verið skaðleg,
fyrir andlegan eða líkamlegan
þroska mannsins; heldur er sundið
að sjálfsögðu mjög holt og styrkjandi.
Auk þess er það fögur og skemtileg
íþrótt, sem menn ættu að iðka meir
en gert er.

Það vita raunar allir, að tími sá
er langur, sem menn geta ekki
fengist við sund, hér á landi, sökum
óblíðu náttúrunnar. En þá eiga
menn að baða sig sem oftast,
helst á hverjum degi. – Fólk ætti að
lesa „Heilsufræði Steingríms Matthíassonar"
og „Mínaðferð" Af þessum

bókum geta menn séð hvenær og hvernig er best að nota þoð. og þegar menn fara að nota þau munu flestir viðurkenna þau ómissandi.

Gunnl. Björnsson

## Sunnudagur á vígstöðvunum.

Lesendum Vitans til skemtunar, þýði eg hér stutta lýsingu á sunnudegi á vesturvígstöðvunum. —

Áttundi nóvember bar upp á sunnudag. Þokan er horfin og fagur haustblær er úti. Vit félagarnir höfumst við í kuldu og röku moldarhreysi og horfum með tárvotum augum út yfir skotgryfjurnar, til frelsisins og sunnudagsfriðarins heima. — Oft hefir orð drottins talað til vor alvöru og áminningarorðum, þær mörgu og löngu vikur er vér höfum dvalið hér. Vér höfum allir elst og orðið alvörugefnir. Þessi sunnudagur endurtekur enn á ný ógnanir ófriðarins fyrir augum vorum. Klukkan eitt hefst þessi látlausa kulnahríð alt umhverfis. Með jöfnu millibili slær skotunum niður 1-2-3-4, þá hlé

og því næst hvellur 30 metr. yfir oss.
Enn þá nokkrar sprengingar og seinast
erum vér komnir innan skotmáls.
Á mínútunni töldum vér 24 skot, og
svona hélt það áfram til kl. 6.
Að aflokinni kúlnahríðinni njótum
vér aftur friðarins, sem er gjöf frá
guði. Þá er hljótt í sálinni. Með bæn
á vörum er þá horft upp til hins al-
-stirnda næturhimins og guði þökkuð
verndin.
Ath. Skyldi ekki þessi lýsing geta
mint einhvern á, hve mikið vér
eigum guði að þakka, sem getum
notið sunnudagsfriðarins án vopna-
-braks og kúlnahríðar. En vart seitum
þá líka sunnudagsfriðinn í sálum
vorum.

Guðbrandur Björnsson.

## Lestrarfélagsskemtunin

Laugardaginn 9. desember s.l. var
haldin skemtisamkoma í Ásgeirsbrekku
til ágóða fyrir Lestrarfélag Viðvíkurhrepps.
Fyrir samkomunni stóðu: Ungfrú Jónína
Sveinsdóttir Ásgeirsbrekku, búfr. Einar
Jósefsson Tumabrekku og Þórður
Gunnarsson bóndi á Lóni.
Skemtunina átti að halda viku
fyr, en fórst fyrir sökum óveðurs.
Veður var gott þenna dag, kyrt
og bjart en frostmikið og færð hin
ákjósanlegasta. Var því skemtunin
mikið heldur vel sótt, og munu
hafa verið 60–70 manns aðkomnir.
Skemtinefndin hafði ráðið niður
skemtaninni og var skemtiskráin
vel og viturlega samin.
Til skemtunar var: Dans, spil söngur
og ræðuhöld. Héldu þar ræður

Frú Margrét Símonardóttir í Brimnesi, Einar hreppstj. á Svínavatni og Gunnlaugur Björnsson kennari hér.

Var gerður góður rómur að ræðunum og ræðumönnum klappað lof í lófa. Mesta eftirtekt vakti ræða frú Margrétar, enda talaði hún um það efni sem mörgum liggur nú þungt á hjarta. Heimilisiðnað í sveitum. Vildi frú Margrét að hér í sveitinni yrði stofnað heim-ilisiðnaðarfélag, og hvatti unga fólkið til að verða þar frumkvöðlar. Kvaðst hún spá því að sá tími mundi koma, er ungu piltarnir mundu taka tillit til þess við konuvalið, hvort konuefnið kynni algengan heimilisiðnað, og mundi sú eiga völ á besta mannsefninu sem þar skaraði framúr.

Hygg eg að frú Margrét reynist sannspá í þessu og hvet eg unga fólkið á að hrinda á stað heimilis-iðnaðarfélagi hér í sveitinni.

Annars fór skemtunin vel fram og dansað var af miklu fjöri sérstaklega er leið á nóttina, en þá var sá sem þetta ritar kominn heim til sín.

Skemtinefnd og húsráðendur gjörðu sitt til að láta gestunum líða sem best. Færi eg öllum þeim er skemtunina studdu bestu þakkir, og vona eg að þeir hitti sjálfa sig fyrir, því ágóði samkomunnar voru rúmar 30 krónur, sem varið verður til bókakaupa. Verður nú hægt að auka bókakaupin talsvert og rétta við fjárhag félagsins sem var orðinn slæmur. Eg endurtek því

þakklæti til allra þeirra sem studdu skemtanina, og óska að lestrarfélagið verði mönnum til gagns og gleði á yfirstandandi vetri.

Guðbr. Björnsson.

Spói: Ef að spói á ástarmó
ör til lóu skýtur;
fljót sem lóa magamjó
með það Gróa þýtur.

Gróa: Einn hér spói að mér gó
ei það sló hans minni
að mörg lóa á ástarmó
er með Gróusinni.
Gróu synd í margri mynd,
mjög þér lynda hlýtur,
af því bind hvað ást þín blind
oft í vindinn þýtur.

Kári.

## Auðæfi.

Til eru þrenskonar auðæfi: efnisleg, andleg og sálarleg – (fé, gáfur, gæði)
Hin fyrst töldu vekja öfund og ótta, önnur aðdáun eða hatur, en hin síðast nefndu opna hjörtu mannanna

Eigendur auðæfanna:
Hinn fyrst fyrirlítur aðra,
annar sjálfan sig
og þriðji engan.
Hinn fyrsti vill drottna,
annar stjórna og þriðji þjóna.
Sá fyrsti vill vera skilinn,
annar skilja, og þriðji þekkja.
Hinn fyrsti leitar hamingju,
annar forðast ógæfuna
og þriðji leitar ~~ógæfunnar~~ (ógæfu annara)
Og það er gæfa að leita ógæfunnar.

Þ.

## Saga

Einu sinni var konungur og drottning í ríki sínu, er áttu einn son — einn einasta son. Sem vonlegt var, sneru þau allri foreldraást sinni að honum. Þau krupu við vöggu drengsins, og báðu með öllum yl og mætti móður- og föður-hjartans — allar góðar vættir að gæta barnsins síns. — En góðar vættir daufheyrast aldrei alveg við bænum mannanna.

Ljómandi gyðja sveif yfir vöggunni. Gleðin stafaði af henni eins og sólargeislar. „Hvers biðjið þið?“ spurði gyðjan. „Láttu gleðina og gæfuna aldrei skilja við drenginn okkar, meðan hann lifir“ sögðu hjónin. Dökkum skugga brá yfir ásjónu gyðjunnar. „Vitið þið hvers þið biðjið?“ sagði gyðjan með skjálfandi röddu. „Þið biðjið um þá mestu bölvun sem auðnast má einu jarðarbarni.“ —

En hjónin skildu ekki gyðjuna. Þau vissu að gæfan er gjöful og gleðin sæluaudug. Hvað sem gyðjan sagði, báðu þau aðeins um þetta eina. Ég er send til að uppfylla allar óskir ykkar um barnið, og þó hjarta mínu blæði, verð eg að gera þetta. Prinsinn skal verða gæfumaður alla æfi. Alt sem hann vill, skal veitast honum. Engin vonbrigði, enga sorg, engin tár og enga sýki skal hann þekkja. Og dauðinn skal koma til hans, án þess hann verði var við; hann skal ekki sjá hann, ekki finna hann og ekki óttast hann. Og gyðjan sveif á burt. Sorgarstaðurnar flögruðu um hana eins og óveðurs-ský. En konungur og drottning voru

ánægð er þau stóðu upp frá vöggunni.

— En prinsinn? —

Allar óskir hans uppfyltust. En ekkert fæst fyrir ekkert í heimi þessum. Óskir hans uppfyltust oft og einatt á kostnað annara. En það skildi hann ekki. Hann vissi ekki, hvað vonbrigði voru. Veslings prinsinn, hann lærði aldrei að þekkja sárindi sorgarinnar, þessvegna varð honum líka hulinn unaður mildinnar, samúðarinnar og mannkærleikans. Tilfinningar annara voru honum hulinn leyndardómur, því sá sem ekki finnur til sjálfur, getur ekki skilið tilfinningar annara, frekar en blindfæddur maður, litskýringar sjáandi manns. Hann varð einn og afskektur. Eigingirnin hlóð múra um sál hans og sjálfan hann, og útfyrir þá komst hann aldrei.

H.

Saga þessi er hvorki löng né merkileg, fremur en hann Þrándur gamli segir um söguna sína, en þrátt fyrir það felst í henni talsverður sannleikur — sannleikur sem vel er þess verður að honum sé gaumur gefin. —

Veslings konungurinn og drottningin vildu óska barninu sínu, þeirrar mestu blessunar, er þau vissu til vera, og þá mistókst það svo hrapar-lega, að þau báðu um þá mestu bölvun sem einu jarðarbarni gat hlotnast. Þau sjálf þekktu ekki hina sönnu gæfu og gátu því ekki beðið um hana fyrir barnið sitt. En er þetta ~~nú~~ ekki algengt?, að foreldrar óski börnum sínum þeirrar mestu gæfu er þau vita til vera. Og er hitt líka ekki algengt?, að uppeldi barna sé misheppnað, fyrir sorglegan

misskilning á tilverunni. – Ílve margir eru það ekki, sem gera tilkall til ímyndaðrar gæfu í lífinu, en skilja lítt í hverju hin sanna ~~gleði~~ gæfa er fólgin. – Skilja það ekki að sönn gæfa getur engu síður verið hlutskifti þeirra, sem bera hita og þunga dagsins:

Í almennri merkingu er það talin mesta ógæfan, að þurfa að horfast í augu við alvöru lífsins, ~~og~~ stríða við mikla erfiðleika. En ætli að sú merking sé með öllu rétt? Er ekki einmitt gæfa í því fólgin að yfirstíga erfiðleikana, og er ekki það sem gerir okkur að meiri og betri mönnum? Við gerum flest, ofmikið tilkall til gæfu í lífinu. Við leitum hennar með ýmsu móti, en finnum hana sjaldnast, eins og við

höfum hugsað okkur hana. Veldur slíkt oft óánægju, að leita en finna ekki. Aftur á móti veldur það gleði að finna það sem maður ekki leitar að, – finna gæfuna án þess að leita hennar.

„Gæfan er gjöful“ Hún kemur til okkar þegar minst varir, – þegar við verðskuldum það, að vera gæfunnar börn“ Hún lætur ekki setja sér neins takmörk, og er því ekki til neins að ætla að höndla hana á ákveðnum stað eða stundu. Látum því gæfuna leita okkar, hún mun finna okkur, þegar hennar tími er kominn til þess, þótt það verði á einhvern annan hátt, en vér höfum hugsað okkur. Mun hún engu síður finna okkur þó við stöndum í einhverjum

skugganum, en þótt vér setum einhver-
-staðar í sólskini og "sleiktum sólar-
-geislana" Þá hendir einmitt korast
að hitta okkur er vér leitum eftir
skuggum annara – ógæfu annara.
Í þeirri leit öðlumst við þá gæfu
sem meira er um vert, en alt gull
og silfur jarðarinnar.

Hver er framförin mest?
Að þú breytir sem best
og við bróður þinn lifir í friði.
Að þú leggir til stein,
þar sem lækna þarf mein,
en sem lífsstein á skyldunnar sviði

Matth. Joch.

Hreggviður.